

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 20. september kl. 09:08, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 744. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Margrét Þormar, Sólveig Sigurðardóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Birkir Ingibjartsson, Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Jón Kjartan Ágústsson og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Laugavegur 20B, (fsp) veitingastaður** (01.171.5) Mál nr. SN190531
Skjalnr. 6844
470605-1460 Stórval ehf, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Stórvals ehf. dags. 6. september 2019 um rekstur veitingastaðar á jarðhæð hússins á lóð nr. 20B við Laugaveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019.
- Grandavegur 35, (fsp) lóð í fóstur/stækkun lóðar** Mál nr. SN190431
Skjalnr.
Björn Þór Sigbjörnsson, Grandavegur 35, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júlí 2019 var lögð fram fyrirspurn Björns Þórs Sigbjörnssonar og Ástríðar Þórðardóttur dags. 9. júlí 2019 um að taka borgarland við norðurenda lóðarinnar nr. 35 við Grandaveg og búið er að girða af í fóstur eða stækka lóðina sem því nemur. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019 samþykkt.
- Sjafnargata 3, Viðbygging við íbúðarhús** (01.196.012) Mál nr. BN056676
Skjalnr. 13195
Aðalheiður Magnúsdóttir, Sjafnargata 3, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta viðbyggingu með flötu þaki með gróðurþekju sem verður tengd við íbúð í kjallara og 1. hæð á norðvesturhlíð húss á lóð nr. 3 við Sjafnargötu.
Stækkun viðbyggingar eru: 57,1 ferm., 205,6 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Efstaleiti 27B, nýtt lyfsöluleyfi - ósk um umsögn** (01.745.2) Mál nr. SN190559
Skjalnr. 14184
670900-2740 Lyfjastofnun, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 17. september 2019 ásamt bréfi Lyfjastofnunar dags. 5. september 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Efstaleiti 27B.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

5. **Pósthússtræti 3 og 5, (fsp) veitingastaður** (01.140.3) Mál nr. SN190487
o.fl. Skjalnr. 5892
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2019 ásamt greinargerð dags. 21. ágúst 2019 varðandi veitingastað/Mathöll á 1. hæð og í kjallara hússins á lóð nr. 5 við Pósthússtræti og að yfirbyggja port á lóð nr. 3 við Pósthússtræti og útbúa setsvæði í tengslum við veitingastað/Mathöll.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Kirkjusandur 2, breyting á deiliskipulagi** (01.345.1) Mál nr. SN190546
Skjalnr. 8540
590916-1370 IS ÞL2 ehf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Lögð fram umsókn Jónasar Þórs Jónassonar dags. 13. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand. Í breytingunni felst að heimila niðurrif hússins. Einnig er lögð fram samantekt rannsókna Eflu 2015-2017.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
7. **Skólavörðustígur 16, breyting á deiliskipulagi** (01.181.0) Mál nr. SN190211
Skjalnr. 9503
671006-0540 Skólavörðustígur 16, húsfélag, Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu lögð fram að nýju umsókn Kristjáns Bjarnasonar dags. 26. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.0 vegna lóðarinnar nr. 16 við Skólavörðustíg. Í breytingunni felst að porti suðvestan til í húsinu er lokað að hluta og komið fyrir flóttastiga. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar, samkvæmt uppdr. Arkitektastofunnar Austurvöllur ehf. dags. 2. febrúar 2019 br. 20. apríl 2019. Einnig er lagt fram samþykki hluta meðlóðarhafa dags. 28. desember 2017. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Hafðísar Perlu Hafsteinsdóttur dags. 24. júlí 2019 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Tillagan var grenndarkynnt frá 27. júní 2019 til og með 2. ágúst 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hafðís Perla Hafsteinsdóttir dags. 25. júlí 2019, Haraldur Hauksson og Sigrún Kristjánsdóttir dags. 25. júlí 2019, Reinhold Þorvaldur Kristjánsson og Sólveig Pétursdóttir dags. 25. júlí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
8. **Snorrabraut 54, breyting á deiliskipulagi** (01.193) Mál nr. SN190129
Skjalnr. 5450
681116-1920 Snorrabragur ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu lögð fram að nýju umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 25. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að rampur niður í bílakjallara er færður frá suðvesturhorni nýbyggingar að Bergþórugötu (norðurhlið), tengibyggingu milli nýbyggingar og Mjólkurstöðvar bætt við og 100 fermetrum bætt við nýbyggingu. Einnig er bætt við að færsla á lögnum Veitna vegna framkvæmda er á kostnað lóðarhafa ásamt ákvæði um hornsneiðingu við bílrampa, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 28. maí 2019. Tillagan var auglýst frá 28. júní 2019 til og með 9. ágúst 2019.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Bergþór Þórisson dags. 2. júlí 2019, Katrín Guðmundsdóttir, Sveinn Helgi Kjartansson, Kristinn Viggósson, Stefán Árni Auðólfsson, Bjartur Thorlacius, Ásta Teitsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Hrafnkell Sigríðarson, Ellen Harpa Kristinsdóttir, Björk Ásgrímsdóttir, Björn Hrannar Björnsson, Karin Schmitz, Andri Ívarsson, Unnur Sól Ingimarsdóttir og Ewa Koprowska ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. ágúst 2019 og er nú lagt fram að nýju. *Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

9. **Bergþórugata 55, Breyting inni - þrjár íbúðir** (01.191.116) Mál nr. BN056492 Skjalnr. 14118

690411-0160 Hváll ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi allra hæða þannig að í húsinu verða 3 íbúðir, eldri svalir verða fjarlægðar og gluggar færðir nær upprunalegri gerð, nýjar svalir gerðar, sagað niður úr gluggum fyrir svalahurðir auk þess sem ný vinnustofa verður byggð á baklóð þar sem áður var skúr á lóð nr. 55 við Bergþórugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019..

Niðurrif: 19,9 ferm., 41,8 rúmm. Vinnustofa: 45,2 ferm., 115,3 rúmm. Heildarstækkun: 25,3 ferm., 72,8 rúmm. Erindinu fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18. ágúst 2019, varmatapsútreikningar mótt. 19. ágúst 2019, yfirlit yfir breytingar mótt. 19. ágúst 2019. Gjald kr. 11.200

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019.

10. **Fannafold 185, (fsp) sólskáli** (02.851.8) Mál nr. SN190433 Skjalnr. 14155

Hannes Leifsson Stephensen, Borgabraut 9, 510 Hólmavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Hannesar Leifssonar Stephensen dags. 17. júlí 2019 um byggingu 25 m² sólskála við húsið á lóð nr. 185 við Fannafold. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019 eru ekki gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.

11. **Leifsgata 11, (fsp) - Breyting á bílskúr** (01.195.013) Mál nr. BN056542 Skjalnr. 14175

Hjálmtýr Bergsson Sandholt, Leiðhamrar 12, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. september 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. september 2019 þar sem spurt er hvort leyfi fáiast til þess að breyta bílskúr þannig að í stað bílskúrshurðar komi gluggi og hurð, gluggar á

gafli verði endurnýjaðir, innveggir settir upp og sturta og klósett tengt inn á eldri lögn á lóð nr. 11 við Leifsgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019.

Erindi fylgja afrit af ljósmyndum teknum af núverandi ástandi bílskúrs og afrit af tölvupósti frá umsækjanda dags. 28. ágúst 2019.

Gjald kr. 11.200

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019.

12. **Gylfaflöt, Suður, breyting á deiliskipulagi** (02.575) Mál nr. SN190385
vegna lóðarinnar Bæjarflöt 19 Skjalnr. 5234
620617-2880 Þvergil ehf., Pósthólf 5139, 108 Reykjavík
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var lögð fram umsókn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags 24. júní 2019 ásamt bréfi dags. 24. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Gylfaflöt, suður vegna lóðarinnar nr. 19 við Bæjarflöt. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit þar sem skilgreindir eru þrír minni byggingarreitir í stað eins og þeim snúið þannig að lega þeirra er austur-vestur, hámarkshæð byggingar lækkar í 8 metra o.fl., samkvæmt uppdrætti Teiknistofunnar Storð dags 19. september 2019. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Gylfaflöt 6-8 og 10-12.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
13. **Dunhagi 18-20, Stækkun - fjölgun íbúða** (01.545.113) Mál nr. BN056641
Skjalnr. 11315
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052641 þannig að íbúðum er fjölgað úr 20 í 23, innra skipulagi breytt og verslunarrými sameinuð í húsi á lóð nr. 18-20 við Dunhaga.
Stækkun : xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, (fsp)** (01.63) Mál nr. SN190535
Skjalnr. 9008
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
420104-2350 Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 10. september 2019 um breytingu á deiliskipulagi fyrir Háskóla Íslands, Vísindagarða, sem felst í að bætt er við byggingarreit útisvæða suðaustan við svæðið og stækkun á lóð G um 18 fm. á horni Sæmundargötu og Eggertsgötu, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 26. ágúst 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Reitur 1.240.3, Snorrabraut, Grettisgata,** (01.240.1) Mál nr. SN190374
Rauðarárstígur og Njálsgata, nýtt Skjalnr. 13095
deiliskipulag
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. september 2019 var að lokinni auglýsingu lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar dags. 20. júní 2019 um gerð nýs deiliskipulags fyrir reit 1.240.1 sem afmarkast af Grettisgötu, Rauðarárstíg,

Njálsgötu og Snorrabraut. Í tillögunni felst uppbygging á lóð nr. 89 við Njálsgötu fyrir leikskóla og þjónustumiðstöð, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssvið dags. 18. júní 2019. Einnig er lögð fram húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur frá 2004. Tillagan var auglýst frá 24. júlí til og með 4. september 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ingunn Helga Hafstað f.h. MSG ehf. dags. 30. ágúst 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. september 2019.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

16. **Sogavegur 158, Áður gerðar breytingar** (01.830.114) Mál nr. BN055963
Skjalnr. 13335

Pálmi Gíslason, Sogavegur 158, 108 Reykjavík
Margrét Ágústsdóttir, Sogavegur 158, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á byggingum á lóð nr. 158 við Sogaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2019.

Gjald: 11.200 kr.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2019.

17. **Stórhöfði 37, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.085.8) Mál nr. SN190467
Skjalnr. 8349

411193-2179 Hagi ehf, Stórhöfða 37, 110 Reykjavík
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlöðverssonar dags. 31. júlí 2019 ásamt greinargerð dags. 31. júlí 2019 um breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða vegna lóðarinnar nr. 37 við Stórhöfða sem felst í stækkun hússins á lóð nr. 37 við Stórhöfða, samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu ehf. dags. 31. júlí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019 samþykkt.

18. **Baldursgata 3, Hækkun húss** (01.185.206) Mál nr. BN056201
Skjalnr. 11381

Victor Pétur Ólafsson, Baldursgata 3, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að hækka mhl. 01 og mhl. 02 um eina hæð og stækka íbúðir sem fyrir eru á lóð nr. 3 við Baldursgötu. Erindi var grenndarkynnt frá 16. ágúst 2019 til og með 13. september 2019. Engar athugasemdir bárust. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11. febrúar 2019, samþykki meðlóðarhafa og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019. Stækkun mhl. 01: 54,7 ferm., 130,2 rúmm. Stækkun mhl. 02: 39,4 ferm., 90,5 rúmm. Samtals stækkun: 94,1 ferm., 220,7 rúmm. Gjald kr. 11.200

Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

19. **Ármúli 7, (fsp) niðurrif tengibyggingar** (01.262.1) Mál nr. SN190536
Skjalnr. 6528

530117-0490 Reitir - þróun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 10. september 2019 um að rífa niður tengibyggingu, mhl. 01, á lóð nr. 7 við Ármúla. Áætlað er að reisa 4. hæða tengibyggingu og sameina hana Ármúla 7 mhl. 04. Einnig eru lagðar fram teikningar/skissur ódags.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

20. **Haðaland 17-23, 19 - Breytingar - stækkun** (01.864.102) Mál nr. BN056455
Skjalnr. 10782
Yngvi Halldórsson, Haðaland 19, 108 Reykjavík
Linda Jónsdóttir, Haðaland 19, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. september 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og nýrri viðbyggingu til norðurs framan við bílgeymslu húss nr. 19 á lóð nr. 17-23 við Haðaland.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. ágúst 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019. Stækkun: 66.2 ferm., 149.8 rúmm. Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 30. ágúst 2019. Gjald kr. 11.200
EKKI ERU GERÐAR SKIPULAGSLEGAR ATHUGASEMDIR VIÐ ERINDIÐ.
21. **Hólmgarður 34, (fsp) breyting á skilmálum** (01.818.3) Mál nr. SN190518
Skjalnr. 8230
deiliskipulags
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík
620188-1589 Jakobssynir ehf., Gláðheimum 26, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn PKdM Arkitekta ehf. dags. 3. september 2019 ásamt bréfi dags. 3. september 2019 um breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Bústaðahverfi vegna lóðarinnar nr. 34 við Hólmgarð sem felst í aukningu á fjölda íbúða úr 8-10 í 14-16 og nánari skilgreiningu á starfsemi jarðhæðar, samkvæmt uppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 16. ágúst 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019.
UMSÖGN SKIPULAGSFULLTRÚA DAGS. 20. SEPTEMBER 2019 SAMÞYKKT.
22. **Hvammngerði 3, Gustlokun á svalir** (01.802.502) Mál nr. BN056653
Skjalnr. 14185
Sigmar Julian Halldórsson, Hvammngerði 3, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til loka svölum með gustlokun samkvæmt gr. 9.6.17 og gluggum á kvistum á suðurhlíð breytt í húsi á lóð nr. 3 við Hvammngerði.
Stækkun vegna B-rýmis er: 16,5 ferm., 14,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
VISAÐ TIL UMSAGNAR VERKEFNISSTJÓRA.
23. **Lækjargata 12, breyting á deiliskipulagi** (01.141.2) Mál nr. SN190365
Skjalnr. 6699
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Björns Skaftasonar dags. 13. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4 og 4B og Skólalabru 2 vegna lóðarinnar nr. 12. við Lækjargötu. Breytingin á einungis við um húshluta að inngarði vegna Lækjargötu 12. Í breytingunni felst að heimilt er að byggja einnar hæðar viðbyggingu er tengist við aðalhäð hússins, stækka veitingaaðstöðu á 1. hæð og nýta þak viðbyggingar sem svalir fyrir einstaka herbergi á 2. hæð, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitekta slf. dags. 11. júní 2019, síðast breytt 8. júlí 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. ágúst 2019 til og með 12. september 2019. Engar athugasemdir bárust.
SAMÞYKKT MEÐ VÍSAN TIL VIÐAUKA UM EMBÆTTISAFGREIÐSLUR SKIPULAGSFULLTRÚA VIÐ SAMÞYKKT UM STJÓRN REYKJAVÍKURBORGAR.
24. **Gufunes, áfangi 1, framkvæmdaleyfi** (02.2) Mál nr. SN190557
Skjalnr. 7808
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. september 2019 um framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar og lagningu veitukerfa í Gufunesi áfanga 1. Einnig er lagt fram teikningasett Verkís dags. 1. ágúst 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019.
SAMÞYKKT AÐ GEFU ÚT FRAMKVÆMDALEYFI MEÐ VÍSAN TIL UMSAGNAR SKIPULAGSFULLTRÚA DAGS. 20. SEPTEMBER 2019. VISAÐ TIL SKRIFSTOFU SVIÐSSTJÓRA TIL ÚTGÁFU FRAMKVÆMDALEYFIS. VAKIN ER ATHYGLI Á AÐ GREIÐA ÞARF FÜRIR ÚTGÁFU FRAMKVÆMDALEYFIS SKV. GR. 5.2 Í . GJALDSKRÁ SKIPULAGSFULLTRÚA NR. 1231/2018.

25. **Gullslétta 6, breyting á deiliskipulagi** (34.533.704) Mál nr. SN190489
Skjalnr.
601005-0260 Teiknistofan H.R. ehf, Næfurási 2, 110 Reykjavík
421007-1600 Lækjarmelur ehf, Bæjarflöt 8, 112 Reykjavík
Lögð fram umsókn Davíðs Karls Karlssonar dags. 22. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Esjumela á Kjalarnesi vegna lóðarinnar nr. 6 við Gullsléttu. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til norðausturs um 7 metra og verður 3 metra frá lóðarmörkum, samkvæmt upprætti Teiknistofunnar H.R. dags. 22. ágúst 2019.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
26. **Kjalarnes, Esjugrund 50, (fsp) innkeyrsla og bílastæði** Mál nr. SN190419
Skjalnr.
Kristján Oddsson, Esjugrund 50, 116 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kristjáns Oddssonar dags. 10. júlí 2019 um að gera innkeyrslu og bílastæði á lóð nr. 50 við Esjugrund á Kjalarnesi við hlið bílskúrs.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Kjalarnes, Nesvík, (fsp) nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN190512
Skjalnr. 10177
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 30. ágúst 2019 varðandi gerð nýs deiliskipulags fyrir Nesvík á Kjalarnesi vegna uppbyggingu ferðaþjónustu. Einnig er lögð fram fyrirspurnartillaga dags. 1. ágúst 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019 samþykkt.
28. **Klettagarðar 7, breyting á deiliskipulagi** (01.330.7) Mál nr. SN190481
Skjalnr. 13611
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
420589-1319 Sindraport hf., Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 19. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 7 við Klettagarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er minnkaður og færður til suðvesturs og aðkoma á norðvesturhluta lóðar færir til norðausturs samkvæmt upprætti ASK Arkitekta dags. 19. ágúst 2019.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Klettagörðum 2, 4, 9, og 11 og Sundagörðum 1, 3 og 5.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
29. **Mosfellsbær, deiliskipulagslýsing** Mál nr. SN190547
Skjalnr. 6368
470269-5969 Mosfellsbær, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær
Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dags. 12. september 2019 ásamt deiliskipulagslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir verslunar, þjónustu- og athafnasvæði í Blikastaðalandi í Mosfellsbæ. Lýsingin er send til kynningar/umsagnar.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Vallarás - Elliðaárdalur, framkvæmdaleyfi** (04.723.0) Mál nr. SN190560
Skjalnr. 9722
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 18. september 2019 um framkvæmdaleyfi vegna gerð nýs göngu- og hjólastígs ásamt upphækkaðri gönguþverun

yfir Vallarás. Einnig er lagt fram teikningasett umhverfis- og skipulagssviðs dags. í september 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

31. **Bryggjugata og Miðbakki,** Mál nr. SN190563
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 9674
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 18. september 2019 um framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar á Bryggjugötu að Miðbakka/Austurbakka og gerð hjóla- og göngustígs við Geirsgötu við Miðbakka. Einnig er lagt fram teikningasett Verkís dags. í ágúst 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Efstaleiti 7, breyting á deiliskipulagi** (01.745.4) Mál nr. SN190370
Skjalnr. 10134
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
521095-2459 SÁÁ samtök, Efstaleiti 7, 103 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 18. júní 2019 ásamt bréfi dags. 14. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi RÚV-reits vegna lóðarinnar nr. 7 við Efstaleiti. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits ofanjarðar vegna stigahúss og lyftu, aukningu á byggingarmagni ofanjarðar og breytta skilgreiningu á notkun, samkvæmt uppdrætti ASK Arkitekta ehf. dags. 14. júní 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Efstaleiti 9, 11, 13, 15 og 17.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
33. **Freyjubrunnur 23, Fjölbýlishús 8 íbúðir** (02.695.412) Mál nr. BN056559
Skjalnr. 11587
520515-1000 Mánalind ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja 8 íbúða steinsteypt fjölbýlishús á 4 hæðum á lóð nr. 23 við Freyjubrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019.
Stærðir: A- rými: 793.7 ferm., 2411.6 rúmm., B-rými: 37.2 ferm., 104.1 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. ágúst 2019, bréf undirritað e.u. borgarstjórans í Reykjavík og varðar samþykkt á deiliskipulagsbreytingu dags. 7. mars 2019, afrit af endurútgefnu byggingarleyfi dags. 17. ágúst 2017. mæliblað 2.695.4 endurútgefið 18. júní 2019 og hæðablað 2.695.4, útgáfa B3 dags. september 2009. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019 samþykkt.
34. **Hafnarstræti 1-3, (fsp) breyting á** (01.140.0) Mál nr. SN190473
lóðarmörkum Skjalnr. 8290
Guðmundur Jónsson, Rúgakur 1, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn Guðmundar Jónssonar dags. 12. ágúst 2019 varðandi breytingu á lóðarmörkum við Hafnarstræti 1-3. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019 samþykkt.
35. **Hólmaslóð 6, breyting á deiliskipulagi** (01.111.4) Mál nr. SN190402
Skjalnr. 14125
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. ágúst 2019 var lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 28. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar Örfirisey vegna lóðarinnar nr. 6 við Hólmaslóð. Í breytingunni felst breyting á þakflötum í þaksvalir samkvæmt deiliskipulagsupprætti ASK Arkitekta ehf. dags. 28. júní 2019. Erindinu var vísað til umsagnar Faxaflóahafnar og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Faxaflóahafna dags. 13. september 2019.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Hólmaslóð 3,4,6 og 8 og Fiskslóð 75-83.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

36. **Langholtsvegur 89, Endurbygging og breyting viðbyggingu** (01.410.021) Mál nr. BN056187 Skjalnr. 9599
490103-3250 Aflorka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og breyta viðbyggingu, breyta þaki, stækka kvist, nýta fermetra í kjallara, stækka 2. hæð, nýjum stiga á norðurhlíð, breyta gluggasetningu á norður- og suðurhlíð, einangra að utanverðu og klæða með steiningu og setja svalir á austurhlíð húss á lóð nr. 89 við Langholtsveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019.
Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019.
37. **Suðurgata 8, (fsp) hækkun bakhúss** (01.161.1) Mál nr. SN190558 Skjalnr. 5410
Valdimar Birgisson, Akurholt 17, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Valdimars Birgissonar dags. 18. september 2019 ásamt greinargerð ódags. um hækkun á bakhúsi lóðarinnar nr. 8 við Suðurgötu um eina hæð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
38. **Úlfarsárdalur, reitur E, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (02.6) Mál nr. SN190544 Skjalnr. 9615
550812-0100 Landris ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Landriss ehf. dags. 13. september 2019 ásamt bréfi dags. 13. september 2019 um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna reits E sem felst í að breyta hluta af byggingarmagninu úr verslun og þjónustu í íbúðir, hækka salahæð á jarðhæð þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu í allt að 4,5 metra og fjölga íbúðum. Einnig er óskað eftir skýringum á grein 2.1.2 í skilmálum gildandi deiliskipulags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
39. **Gufuneshöfði, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN190516 Skjalnr. 12335
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 2. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Gufuneshöfða. Í breytingunni felst að fjarlægja innsiglingarmerki við Gufuneshöfða og koma fyrir nýju innsiglingarmerki um 105 metra til norðausturs, vestan Leiðhamra/Krosshamra. Við þessa breytingu er deiliskipulagssvæðið stækkað og mörk þess færð til norðvesturs yfir hverfisverndarsvæði Gufuneshöfða að strandsvæði, samkvæmt upprætti Kanon arkitekta ehf. dags. 2. september 2019. Einnig lagt fram umboð Faxaflóahafna sf. dags. 2. september 2019 og drög að fornleifaskráningu dags. 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs,

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:48.

Björn Axelsson

Helena Stefánsdóttir